

## Talmál í tungumálakennslu

Hlutverkaleikir eru frábær leið til að æfa talmál. Þeir líkja eftir raunverulegum aðstæðum og nemendur fá tækifæri til að æfa sig fyrir tjáskipti fyrir utan skólastofuna.

Hlutverkaleikir geta verið á tvo vegu: með eða án handrits. Með handriti getur kennari notað dæmi úr kennslubók eða búið sjálfur til aðstæður sem hann vill að nemendur æfi. Það er góð æfing í upphitun að skipta nemendum í pör þar sem hvor aðili tekur að sér mismunandi hlutverk og les texta úr bók.

Hlutverkaleikur án handrits eru notaðir þegar nemendur fá hlutverk og verða að nota þá þekkingu sem þeir hafa til að tala við félagá sinn um fyrirfram ákveðið efni.

Þegar kemur að hlutverkaleikjum þá snúast þeir fyrst og fremst um að nota tungumálið á skapandi hátt. Leyfðu nemendum að vera eins skapandi og þeir vilja, settu þá í krefjandi aðstæður þannig að þeir þurfi að hugsa um nýjar leiðir til að tjá sig.

### Samtal í síma:

Samtal í síma er ólíkt samtali auglitis til auglitis því að þá þarf að stóla algerlega á talmálið en ekki líkamstjáningu og bendingar. Best er að nemendur snúi bökum saman til að æfa sig í símtali sem getur snúist um nánast hvað sem er, t.d. símtal til að kvarta yfir einhverju, spyrjast fyrir um einhverjar upplýsingar, t.d. um laust starf eða samtal við vin.

### Búðarferð:

Að líkja eftir búðarferð er frábært fyrir yngri nemendur þar sem þetta kennir þeim grunnatriðin í samskiptum við fólk. Börn treysta almennt á foreldra sína til að kaupa hluti fyrir sig og þetta er því mikilvægt að æfa. Þessi æfing getur verið eins einföld eða flókin og maður vill, allt eftir aðstæðum. Gott að hugsa hvaða búð er þetta? Matvöruverslun, íþróttavöruverslun, dótabúð, fatabúð...? Lykilfrasar eru oft mikilvægir eins og t.d. „Góðan dag“, „Ég myndi vilja...“ „Hvað kostar...?“ „Má ég máta...“

### Að bóka hótél:

Að bóka hótél gerir nemendum kleift að æfa tiltekna tegund tungumáls. Venjulega er um að ræða formlegt tungumál þar sem þetta er viðskiptasamtal. Þetta er einnig hægt að gera í formi símtals. Hér er gott tækifæri fyrir nemendur til að læra nýjan orðaforða. Hér væri gott að hafa lykilorðaforða sem nemendur þurfa að nota.

### Að deila skoðunum:

Veldu efni sem allir virðast hafa áhuga á. Skiptu nemendum í pör og gefðu þeim lista yfir efni til að ræða t.d. Það gæti verið matur, íþróttir, leikir, skólafög, dýr... Hér er gott að notast við tilbúið form og gefa upp sýnishorn af samtali, spurningar og möguleg svör.

### Atvinnuviðtal:

Atvinna er yfirleitt gott efni til að ræða þegar verið er að kenna eldri nemendum sem munu e.t.v. fljótlega leita sjálf að vinnu. Þá er gott að skipta nemendum í pör þar sem þau skiptast á að leika umsækjanda og vinnuveitanda. Hvaða starf er verið að sækja um? Hvað felst í

starfinu? Hvaða kosti/hæfileika þurfa umsækjendur að búa yfir? Hvaða skyldur þurfa starfsmenn að uppfylla?

**Allir tala:**

Venjulega er nemendum skipt í pör sem tala saman en þá er erfitt að sjá til þess að allir séu að tala og æfa það sem á að æfa. Því gæti verið gott stöku sinnum að fá pörin til að spjalla saman fyrir framan allan hópinn en það getur verið meira krefjandi.

**Líkamstjáning:**

Líkamstjáning er jafnmikilvæg og talað mál. Því er mikilvægt að hvetja nemendur til að nota bendingar og tákni til að skýra mál sitt og koma skilaboðum til skila.

**Kappraður:**

Kappraður eru góð leið til að hvetja til virkrar málnotkunar þar sem oft verða snörp skoðanaskipti og nýr orðaforði komið inn. Það þarf þó að hafa í huga að velja umræðuefnið vel til að það verði ekki of umdeilt fyrir nemendur af ólíkum menningarheimum og hafa aldur nemenda í huga. Skiptu hópnum í tvennt og gefðu þeim efni til að vera með og á móti.